

Hvaða bók hefur fylgt þér lengst,  
þú hefur lesið oftast eða haft mest áhrif á þig?

## „Tilkynni, herra höfuðsmaður“




Sú bók sem sennilega hefur haft mest áhrif á mig er kennslubókin *Gagn og gaman*. Setningar úr henni hljóma enn í höfði mér. Á unglingsárum las ég bækur eins og *Nonna*, *Grím grallara* og *Sandhóla-Pétur*. Í þeirri síðastnefndu var kennd þúðurgerð sem kom sér vel fyrir unga drengi. *Bob Moran* og *Alistair MacLean* fylgdu í kjölfarið en breyttust síðan í *Pétur Gunnarsson* og *Þórarinn Eldjárn*. Alltaf þegar ég hefла blöðruhálskirtil og úr honum rúlla perlulaga steinar, sem hafa orðið þar innlyksa, dettur mér í hug smásaga Þórarins um manninn sem myndaði perlu á milli tána og var greindur með „Ostru-heilkennið“. Læknirinn tók að sér að koma þessum perlum í verð en *Hermann Kjögx* gullsmiður gerði síðan úr þeim dýrar perluvestar. Sögupersónan þurfti þó að búa við fótraka, táfýlu og félagslega einangrun því að öðrum kosti dytti framleiðslan niður. Þagnar-skylda læknisins tryggði að hvorki gullsmiðurinn né kúnninn vissu hvernig perlurnar komu til.

Bækur *Laxness* þola endurlestur alla ævi og á *RÚV*-sarpinum er hægt að láta skáldið lesa fyrir sig.

Eftirlitsmaðurinn í *Brekkukotsannál* var mér lengi vel hulinn sjónum en ég tók svo loksins eftir honum. Hann var bóndi upp á Skaga sem fékk vitrun og seldi jörð sína til þess að geta stundað rekstur á náðhúsi í Reykjavík. Hreinlætið og natnin var slík að ekki fundust snyrtilegri kamrar þótt víðar væri leitað. Þá reyndist hann vera helsti velgjörðarmaður *Garðars Hólms*. Heimspeki eftirlitsmannsins gekk út á að leyfa hverjum og einum að lifa eins og hann sjálfur kys svo fremi sem hann aftrar ekki öðrum að lifa eins og þeir vilja. Þá gerði hann heldur engan greinarmun á

hetjum og litlum körlum, stórtíðindum og tittlingaskít.

Ef ég ætti að velja eina bók úr hillunni þá er það *Ævintýri góða dátans Svejks* eftir tékkneska rithöfundinn *Jaroslav Hasek* en *Svejk* gegnir herþjónustu í fyrri heimsstyrjöldinni. Bókin er óborganleg háðsádeila á stríðsrekstur og vindhana sem belgjast upp á stríðstímum. Ekki er ljóst hvort *Svejk* er einfeldningur eða snillingur en framganga hans og tilsvör eru dásamleg og hægt að brúka við hin ýmsu tilvik daglegs lífs. Hann reyndi að sætta erkifjendurnar köttinn og kanarífuglinn en tókst svo illa til að kötturinn beit hausinn af fuglinum. Höfuðsmaðurinn sem *Svejk* þjónar lendir í miklum vandræðum vegna þessa



skjaldsveins síns sem virðist þó ætíð ganga gott eitt til. Einhverju sinni þegar *Svejk* hefur gert svo alvarlegt axarskaft að höfuðsmaðurinn gat ekki einu sinni sagt honum frá því, maldar *Svejk* í móinn með þeim rökum að maðurinn læri nú einu sinni af mistökum sínum. Vísaði máli sínu til stuðnings til *Adamek efnafraeðings* frá *Daukovka* sem drakk saltsýru í misgripum.

Mannlegur breyskleiki spilar stóra rullu í bókinni. Kráarfélagi *Svejk* sem sefur áfengisdauða vaknar og lemur í borðið segjandi: „Þessi djöfull dugar ekki lengur,“ og sofnar jafnskjótt aftur. Þá

Eiríkur Jónsson  
þvafæraskurðlæknir

er þáttur átvagslins og herfélaga *Svejk*, *Baloun*, óborganlegur. Þessi sísvangi maður hugsar stöðugt um mat og hámar í sig allt sem hann kemst yfir. Gilti einu hvort það var eigið nesti, féлага sinna eða höfuðsmannsins. Ýmislegt var reynt til þess að hemja hann, þar á meðal að binda hann við staur. Áhugaverðustu hugmyndina átti hins vegar *Jurajda dulspekikokkur* sem segir við þennan hömlulausa mann: – *Þér, Baloun, ættuð að vaka yfir hverri hreyfingu yðar svo umhverfið nái ekki valdi á yður. Í hvert skipti sem þér standið andspænis mat ættuð þér að leggja fyrir yður svo fellda spurningu: - Hver er afstaða mín gagnvart þessum mat?*

Fyrir nokkrum árum var á deildinni skiptinemi, tékkneskur læknanemi frá

*Prag*. Ég hóf náttúrulega strax að spyrja út í landa hans *Svejk* en sú persóna hafði hins vegar alveg farið framhjá honum. Drengurinn hringdi í angist heim til foreldra sinna sem gátu sagt honum eitt og annað af góða dátanum. Ég sagði að mér þætti það ljóður á hans ráði að þekkja ekki þennan merka samborgara sinn. Neminn sagði þá, ábúðarfullur, að lestur fagurbókmennta hefði aldrei getað fleytt honum þetta langt í læknisfræðinni.

Ég skora á *Pál Matthíasson*, geðlækni, að skrifa næsta pistil.